

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu í Reykjanesbæ.

Í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 20. júlí 2017 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Nesvalla.

Deiliskipulagsbreytingin felst í því að fjölbýlishúsum er skipt upp í minni einingar og raðhúsum fækkar. Heildarfjöldi íbúða helst óbreyttur. Að öðru leyti gilda fyrri deiliskipulagsskilmálar.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Reykjanesbæ, 12. september 2017.

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 26. september 2017